

Rammaáætlun  
c/o Orkugarður  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Selfossi, 3.5.2010

### Athugasemdir við rammaáætlun

Að okkar mati má rammaáætlun eins og hún lítur út ídag ekki verða endanleg skýrsla. Til þess vantar upplýsingar á allt of mörgum sviðum og ennfremur mat frá óháðum sérfræðingum.

Mikilvægt dæmi varðar svæðin við neðri Þjórsá og Bitruvirkjun þar sem virkjanir munu hafa mikil áhrif á íbúa svæðisins. Ekki er tekið tillit til mannglegra þátta, heilsufars íbúa eða tilfinningagildis landslags í áætluninni. Á kynningarfundum hefur verið spurt hvort tillit væri tekið til samfélagslegra þátta og líðan fólks í samfélögum þar sem virkjað er. Svo er ekki og kom fram að slíkar rannsóknir eru ekki á sviði rammaáætlunar. Þetta svið er ekki síður mikilvægt heldur en hagkvæmni virkjanna talið í krónum og aurum. Meira að segja kom fram á kynningarfundum að hagfræðilegar úttektir og áætlanir orkufyrirtækjanna hafa ekki verið metnar gegn óháðum úttektum hlutlausra hagfræðinga.

Ennfremur má rammaáætlun ekki koma í stað umhverfismats, en reglur um umhverfismat þarf að breyta. Umhverfismat þarf að vera á höndum óháðra aðila en ekki framkvæmdaaðila.

Dæmi um óvissu í umhverfismati er til dæmis hvaða áhrif virkjanir hafa á grunnvatn og þar af leiðandi vatnsból íbúa á Skeiðum (virkjanir í neðri Þjórsá) og í Hveragerði (Bitruvirkjun). Umhverfismat er unnið af framkvæmdaraðila í báðum tilfellum skv. gildandi reglum. Hins vegar segja óháðir sérfræðingar á þessu sviði að áhrif á grunnvatn gætu verið mikil, erfitt væri að segja til um það og áhrifin gætu verið mjög lengi að koma fram.

### **Þjórsá**

Í rammaáætlun virðist heldur ekki vera tekið tillit til öryggismála af völdum náttúruhamfara en skiljanlegt er að íbúar við neðri Þjórsá hafi áhyggjur af áhrifum hugsanlegra jarðskjálfta. Hvað þetta varðar var á kynningarfundum vísað í áhættumat Landsvirkjunar.

Ennfremur virðist í rammaáætlun ekki vera tekið mikið tillit til skoðana fólksins. Íbúar við Þjórsá hafa í mörg ár staðið í baráttu við að vernda náttúruna í kringum ána, fyrst vegna Norðlingaölduveitu og núna vegna virkjana í neðri Þjórsá en þar bætist við áhrif virkjana á fólkið sem býr við ána. Ennfremur veldur þessi óvissa og stöðuga barátta streitu og klofning samfélagsins og jafnvel fjölskyldna, þar sem ekki allir eru sammála. Ég spyr sem dæmi; væri hægt að ná sátt um þessar virkjanir ef þær væru einungis rennslisvirkjanir og stöðvarhús vel falin? Ef svo er, væri ekki þess virði að setta sig við aðeins minni afköst fyrir það að framkvæma í sátt við íbúa svæðisins?

## Bitrjuvirkjun

Varðandi Bitrjuvirkjun langar mig aðeins að rifja upp það ferli:

Það komu 667 athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum fyrir Bitrjuvirkjun. Þetta er tvöfalt fyrrverandi íslandsmet. Við breytingu á aðalskipulagi úr útivistarsvæði í iðnaðarsvæði var aldrei fengin nákvæma lokatölu en vitað er að athugasemdir voru töluvert fleiri en 1000!

Skipulagsstofnun mælti á móti Bitrjuvirkjun, Hveragerðisbær leggst einhliða á móti virkjuninni, sérfræðingar hafa skrifað um hættu á heilsu íbúa í nærliggjandi bæjarfélögum vegna

brennisteinsmengunar og einnig einstaklingar sem njóta útivistar á svæðinu hafa skrifað greinar. Í fréttum sjónvarpsins kom fram að brennisteinsmengun fyrir Hellsheiðarvirkjun hafi verið

vanmetin í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Samt frestar sveitarfélagið Ölfus ákvörðun um

Bitrusvæðið og auglýsir aftur rúmlega ári seinna, en einnig þá berast meira en 1000 athugasemdir.

**Í rammaáætlun eiga athugasemdir fólks að vera hafðar til hliðsjónar. Við getum ekki séð að þær hafi mikil áhrif og er það miður.**

Við höfum heyrt að sérfræðingar telja Bitrjuvirkjun ekki sérstaklega hagkvæmur kostur, að orkubúskapurinn á þessum stað sé ekki eins mikil og haldið var, aðrir staðir á Hellsheiði sé mun hagkvæmari. Af hverju nota menn sér ekki þetta til að rétta út sáttarhönd og samþykka að vernda þessa náttúruveru fyrir komandi kynslóðir?

Okkur finnst að í rammaáætlun sé skautað yfir verðgildi háhitasvæða suðvesturhluta landsins sem útivistarsvæði fyrir um 2/3 af íbúum landsins.

## Látum tímann vinna með náttúrunni

Við erum persónulega ekki á móti öllum virkjunum heldur finnst okkur að hófleg og skynsamleg nýting auðlinda sé réttlætunleg og í sumum tilfellum nauðsynleg. En það þarf að huga að því HVAR nauðsynlegar virkjanir eru staðsettar og ennfremur gera grein fyrir því fyrir HVAÐ og HVERJA er verið að virkja.

Á þessum tímamarki þarf einnig að velja því upp hvort að virkjunarandstaðingar hafa jafnvel bjargað Íslandi frá ennþá stærra hruni heldur enn orðið hefur? Ef andstaða hefði ekki verið við virkjanir í Þjórsá, Bitrjuvirkjun, Þeystareyki o.fl. – hefðu þá ekki ríkið og orkufyrirtækin verið með ennþá stærra skuldir á herðunum? Og jafnvel stæðu hálfkláraðar virkjanar hér og þar um landið á þessum tímamarki?

Væri ekki rétt á þessum tíma þegar allt hefur dregist saman, að vinna frekar í þróunarvinnu á sviði virkjanna? Undirrituð hlustaði á umræður í Svíþjóð um daginn og þar kom m.a. fram að rannsóknarstarf er aldrei mikilvægari heldur en á krepputímum. Til samanburðar má nefna að frá því að Búrfellsvirkjun var byggð og þar til að byrjað var á Kárahnjúkavirkjun hefur orðið mikil framför. Sérfræðingar telja að innan 15-20 ára verður hægt að ná í orkuna undir Henglinum án þess að raska yfirborð hans meira en verið hefur. Væri ekki rétt að setja sér þetta markmið? Ekki láta græðgi undanfarinna ára skemma meira en nauðsynlegt er til að mæta „orkuþörf í landinu“?

## Lokaorð

Í formála Svanfríðar Jónasdóttur formanns verkefnisstjórnar Rammaáætlunar kemur fram að markmið með Rammaáætlun sé að skapa forsendur fyrir sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

Þetta er mjög gott markmið en margt vantar upp á til að því markmiði sé náð og þess vegna er okkar skoðun að ekki sé hægt að samþykkja rammaáætlun í núverandi formi.

Virðingarfyllst,

Petra Mazetti

Kt. 090372-2039

Björn Pálsson

Kt. 150842-2559